

Ed.

47. Frumvarp til laga

[33. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson.

2. gr. laganna breytist svo:

1. C. 51 orðist svo:
Svarfaðardalsvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Skallá.
2. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
Skiðadalsvegur: Af Hrisavegi vestan Skiðadalsárbrúar að Skiðadalsárbrú norðan við Kóngsstaði.
3. Á eftir C. 53 komi nýr liður:
Ósvegur: Af Hjalteyrarvegi á móti barnaskóla sveitarinnar, um Búland og Ós á Dalvíkurveg norðan við Hof.
4. C. 54 orðist svo:
Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri og ofan við tún á Gæsum og Skípalóni, um Hlaðir á Dalvíkurveg sunnan Hörgárbrúar.
5. Á eftir C. 55 komi nýr liður:
Efribyggðavegur: Af Eyjafjarðarbraut við Hólshús, um Finnastaði, Möðrufell og Miklagarð á Djúpadalsveg við Litla-Garð.
6. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
Sölvadalssvegur: Af Vatnsendavegi hjá Gnúpufelli, fram Sölvadal að Þormóðsstöðum.
7. C. 67 orðist svo:
Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfafljóts, yfir brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg eystri, með álmu vestan Skjálfafljóts að brú á Halldórsstaðaá.
8. Á eftir C. 69 komi þrjú nýir liðir:
 - a. *Hvammavegur*: Af Reykjahverfisvegi við Laxárvirkjun, um Hvamma að Haga.
 - b. *Sandsvegur*: Af Þingeyjarsýslubraut norðan Knútsstaða, um Hraunkot að Sandi.
 - c. *Uppsveitarvegur*: Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Kelduhverfi, um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.
9. Á eftir C. 70 komi nýr liður:
Baldursheimsvegur: Af Norðurlandsvegi austan við Arnarvatn, um Litlu-Strönd að Baldursheimi.
10. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðsárbrú, um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúða.

Greinargerð.

Vegir þeir, sem hér er lagt til að teknir verði í tölu þjóðvega, eru flestir eða allir sýsluvegir. Engum mun dyljast hversu brýn nauðsyn það er nú á tímum hverju byggðu bóli, að þangað liggi sæmilegur akvegur. Hins vegar eru fjárráð sýsluvegagerðanna mjög takmörkuð, svo að þær geta með engu móti gert upp alla sína vegi nema á allt of löngum tíma. Er því óhjákvæmilegt að létta eitthvað á þeim með því móti að bæta einhverju af sýsluvegum inn á ríkisvegakerfið.

Vegir þeir, sem hér um ræðir, eru í ýmiss konar ástandi. Stuttir kaflar sumra þeirra eru þegar fullgerðir, aðrir undirbyggðir að öllu eða einhverju leyti, sums staðar alllangir kaflar. En þó er mjög mikið enn aðeins ófullkomnir ruðningar.

Þó að vegir þessir verði allir teknir inn í þjóðvegakerfið, er samt mjög mikið eftir af sýsluvegum í viðkomandi byggðarlögum. Auk þess þarf þar við að bæta mörgum nýjum sýsluvegum.